

method”, which included the diagonal composition, discovered by him, as well as foreshortening and other devices, did not automatically guarantee the artistic dimension of a work, however. The practice of Rodchenko the photographer was confused not only and not so much by the formal devices for which he was so mercilessly criticised in the late twenties, as by the profound inner romanticism characteristic of him even in his student years. Suffice it to recall the make-believe letters he wrote to Varvara Stepanova in the early years after they met. This romantic element, embedded in the childhood which he spent back-stage in the theatre where his father worked, was transformed into the powerful utopian thinking of Rodchenko the Constructivist, who believed in the possibility of a positive transfiguration of the world and mankind.

In the 1920s in each new photographic series Rodchenko set new tasks and produced manifestoes on what photography and life would be like after they had been transformed by the Constructivist artistic principle. In the 1930s, particularly towards the end, exhausted by criticism and persecution, he tried to analyse life and artistic practice, his own included, the evolution of which was determined largely by the developing aesthetics of socialist realism. Incidentally, in the whole history of Russian photography of the first half of the twentieth century Alexander Rodchenko is the only person who, thanks to his printed articles and diaries, left unique records,

artistic reflections by a photographer-thinker who witnessed historical cataclysms, which generated within him a tragic conflict of conscious premises and the unconscious drive to create.

Tired of the constant revolutionary

transformations that produced a reality far from the ideals which had inspired his early period of creativity, he wrote in his diary on 12 February 1943: “Art is service of the people, but the people are being led goodness knows where. I want to lead the people to art, not use art to lead them somewhere. Was I born too early or too late? Art must be separate from politics ...”²

In the final years of his life, betrayed by friends and pupils, deprived of the right to work and earn his living or take part in exhibitions, expelled from the Union of Artists, and in very poor health, Alexander Rodchenko was nevertheless a very fortunate man. He had a family: his friend and comrade-in-arms Varvara Stepanova, his daughter Varvara Rodchenko, her husband Nikolai Lavrentiev, his grandson Alexander Lavrentiev and his family, a small, but very close-knit clan charged with creative energy. If it had not been for this family Russia’s first photographic museum, the Moscow House of Photography, might never have appeared. In Rodchenko’s house, together with the Rodchenko family, we have discovered and studied the history of Russian photography, which would be unthinkable without Alexander Mikhailovich Rodchenko.

Olga Svíblova
Director of The Moscow House
of Photography Museum

Alexander Rodchenko

Bylting í ljósmyndun

Revolution in Photography

5. október 2013
– 12. janúar 2014

Sýningarstjóri / Curator: Olga Svíblova
Framleiðandi / Producer: Ragnheiður Kristín Pálsdóttir
Kjarvalsstaðir

Sýningin er frá Ljósmyndasafni Moskvu
The works in the exhibition are from the collection of
The Moscow House of Photography Museum

Rússnesk framúrsteffnulist á fyrri hluta 20. aldar er einstæð í sögu Rússlands og í menningarsögu veraldar. Sá magnaði sköpunarkraftur sem kviknaði hjá listamönnum þessa merkilega tímabils er enn að verki í samtímalistum og meðal allra þeirra sem þekkja afrakstur rússneska módernismans. Alexander Rodchenko var einn af helstu frumkvöðlum þessa listskeiðs. Hann tók þátt í að móta ýmsar frjóstu listhugmyndir þessara tíma og hafði veruleg áhrif á tíðarandann. Málaraalist, hönnun, leikhús, kvikmyndir, prentlist og ljósmyndun – ekkert var framandi snilligáfu þessa öþuga og glæsilega listamanns. Alls staðar braut hann í blað og ruddi nýjar brautir.

Upphafssár þriðja áratugarins voru „millibilskeið“, segir Víktor Shklovskí, einn af snjöllustu gagnrýnendum og listfræðingum þessara ára. Þetta tímabil stóð ekki lengi, og þar var ekki allt sem sýnist, er einmitt þessi ár áttu félagslegt og listrænt tilraunastarf samleið. Um mitt þetta tímabil, árið 1924, gerði Alexander Rodchenko atlögu að ljósmyndalistinni. Hann var þá þegar orðinn þekktur listamaður og hafði yddað listkenningu sína í vígorðið „Tilraunir eru skylda okkar“.¹ Í átökum Rodchenkos við ljósmyndalistina tóku hugmyndir um eðli ljósmyndunar og hlutverk ljósmyndarans grundvallarbreytingum. Hugsunarháttur sem tók mið af áætlanagerð kom til sögunnar í ljósmyndalist. Áður áttu ljósmyndir bara að endurspegla veruleikann sjálfan – nú voru þær líka orðnar miðill sem hægt var að nýta til að tjá öþug heimspekileg kenningakerf.

Rodchenko beitti hugmyndafræði konstrúktípsmans á ljósmyndunina og mótaði til þess ný vinnubrögð og tækni. Þessar aðferðir breiddust hratt út. Nemendur

Rodchenkos og félagar í listinni tileinkuðu sér þær á skammri stundu, og ekki síður andstæðingar hans í listum og pólitík. Farið var að tala um „Rodchenko-aðferðina“ sem einkennist af skálinu-uppbyggingunni sem hann fann upp, fjarvíddarstyttingu og þeiri stílbrögðum. En auðvitað var notkun þessarar tækni engin trygging fyrir listrænum gæðum. Ljósmyndarinn Rodchenko var undir lok þriðja áratugarins gagnrýndur óvægilega fyrir einhliða áherslu á form, en ef mönnum þykir vanta samræmi í ljósmyndaverk hans er orsakanna miklu heldur að leita í djúprættum rómantískum viðhorfum sem einkenndu feril hans alveg frá námsárunum – látum nægja að minna á ævintýrabréfin sem hann skrifaði Varvöru Stepanovu árin eftir að þau kynntust. Rómantískur strengur hefur líklega búið í drengnum Alexander frá æskudögum þegar hann lék sér að tjaldabaki í leikhúsinu þar sem faðir hans starfaði, en síðar óx þessi rómantíski þáttur í öþuga útópíska kenningu hjá konstrúktípsmanum Rodchenko, sem í raun trúði á þann möguleika að breyta mætti manninum og veröld hans til hins betra.

Hver ljósmyndaröðin rak aðra á þriðja áratugnum og sífellt setti Rodchenko fram ný markmið og yþrlýsingar um ummyndun mynda og mannlífs samkvæmt listrænni kennisetningu konstrúktípsmans. Þrátt fyrir þunga gagnrýni og ofsóknir á fjórða áratugnum reyndi hann stöðugt að greina mannlíf og listferil á fræðilegan hátt, einnig eigið lífshlaup og list, sem nú hlaut í vaxandi mæli að taka mið af kenningakerfi sósíalrealismans. Alexander Rodchenko er reyndar eini maðurinn í allri ljósmyndasögu Rússlands á fyrri hluta 20. aldar sem lætur eftir sig rituð gögn um hina merku sögu þess tímabils, bæði í dagbókum sínum og prentuðum greinum. Þetta eru listfræði-

¹ Александр Родченко. Опыты для будущего. М., 1996. С. 199–200; Aleksandr Rodchenko. *Experiments for the Future*. New York, MoMA, 2005.

legar hugleiðingar frá hendi mikils ljósmyndara og hugsuðar, og þær bera glögggt vitni þeim sögulegu jarðhræringum samtímans sem innra með honum sjálfum framkölluðu harmræna togstreitu milli óvæginnna aðstæðna og hinnar eðlislægu kröfu um sífellda sköpun.

Smám saman fylltist Rodchenko þreytu og efasemdum. Veruleikinn sem hin sviptingasama byltingarpólitík hafði nú kallað fram reyndist vera fjarri þeim hugsjónum sem fylltu Rodchenko kröftum á fyrsta sköpunarskeiðinu. Hann skrifar þetta í dagbók sína 12. febrúar 1943: „Listin er þjónusta við fólkið. En nú er verið að fara með fólkið ég veit ekki hvert. Ég vil færa fólkinu listina, en ég vil ekki nota listina til að teyma fólk eitthvað út í bláinn. Fæddist ég of snemma – eða kannski of seint? Það verður að skilja að stjórnmal og list.“²

Síðustu ár ævinnar var Rodchenko heilsuveill. Honum var meinað að vinna og bannað að sýna verk sín. Hann hafði verið rekin úr samtökum listamanna, og félagar hans og nemendur höfðu snúið við honum baki. Þrátt fyrir þetta bjó hann að ævilokum við mikla hamingju þar sem var samhent fjölskylda: Vinkona hans og félagi Varvara Stepanova, dóttir hans Varvara Rodchenko og eiginmaður hennar Nikolaj Lavrentev, dóttursonurinn Aleksandr Lavrentev og hans fólk – þetta var litil en nág og samhent fjölskylda, hlaðin sköpunarkrafti. Án þeirra hefði fyrsta ljósmyndasafn Rússlands, Ljósmyndahúsið í Moskvu, tæpast orðið að veruleika. Hér í húsi Rodchenkos höfum við ásamt Rodchenko-fjölskyldunni lagt stund á sögu rússneskrar ljósmyndunar. Sú saga er nú óhugsandi ef ekki hefði verið Aleksander Míkhajóvítsj Rodchenko.

Olga Sviblova
safnstjóri Ljósmyndahússins í Moskvu

The Russian avant-garde of the twentieth century is a unique phenomenon not only in Russian, but in world culture. The amazing creative energy accumulated by the artists of this great age is still providing nourishment for artistic culture today and all who have dealings with the art produced by Russian Art Nouveau. Alexander Rodchenko was indisputably one of the main generators of creative ideas and the general spiritual aura of the age. Painting, design, theatre, cinema, typography and photography, all areas invaded by the powerful talent of this strong, handsome man, were transformed, opening up radically new paths of development.

The early 1920s was an “intermediate age”, to quote Viktor Shklovsky, one of the finest critics and theoreticians of the day, a period when, albeit briefly, illusively, there was a resonance between artistic and social experiment. It was at this time, 1924, that photography was invaded by Alexander Rodchenko, already a well-known artist with the slogan “Our duty is to experiment” placed firmly at the centre of his aesthetic.¹ The result of this invasion was a fundamental change of ideas about the nature of photography and the role of the photographer. Conceptual thinking was introduced into photography. Instead of just being the reflection of reality, photography also became a device for the visual representation of dynamic intellectual constructions.

Rodchenko introduced Constructivist ideology into photography and developed methods and instruments for applying it. The devices discovered by him spread rapidly. They were used by pupils and like-minded practitioners, as well as aesthetic and political adversaries. The use of the “Rodchenko

2 Sama rit.

1 Александр Родченко. Опыты для будущего. М., 1996. С. 199–200; Aleksandr Rodchenko. Experiments for the Future. New York, MoMA, 2005.